

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Míningarsjóð Stepháns Jónssonar **116**
verslunarstjóra, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af ráðherra Íslands 13. 13. sept.
september 1912.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir Míningarsjóð Stepháns Jónssonar verslunarstjóra.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með 1000 kr. framlagi úr varasjóði sparisjóðs
Sauðárkróks og nefnist »Míningarsjóður Stepháns Jónssonar verslunarstjóra«.

2. gr.

Sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu hefir á hendi stjórn sjóðsins þar til
hafnarnefnd er skipuð á Sauðárkróki, en eftir það skal hafnarnefnd Sauðárkróks
stjórna sjóðnum. Sjóðinn skal ávaxta í sparisjóði Sauðárkróks eða annari tryggri
peningastofnun.

3. gr.

Á hverju ári má verja allt að $\frac{2}{3}$ hlutum af ársvöxtum sjóðsins fyrir um-
liðið ár til umbóta á hafnarmálum Sauðárkrókshafnar, eftir því sem henta þykir.
Þriðjungur ársvaxtanna að minsta kosti, og allir vextirnir, ef úthlutun skyldi
ekki fara fram eitthvert ár, svo og þær aðrar tekjur, er sjóðnum kynni að hlotn-
ast, leggist árlega við höfuðstól sjóðsins og ávaxtist með honum. Höfuðstól sjóðs-
ins má aldrei skerða.

4. gr.

Reikningur sjóðsins fyrir umliðið ár skal árlega lagður fyrir sýslunefnd
Skagafjarðarsýslu til yfirskoðunar.

Þannig samþykkt af stjórn sparisjóðs Sauðárkróks samkvæmt umboði aðal-
fundar sjóðsins 4. nóvbr. 1911.

Stjórn sparisjóðs Sauðárkróks 28. ágúst 1912.

Páll V. Bjarnason,

Arni Björnsson,

Kristján Blöndal,